

# Ársreikningur Ísafjarðarbæjar 2024



ÍSAFJARÐARBÆR

Skýrsla með ársreikningi





# SKÝRSLA MEÐ ÁRSREIKNINGI ÍSAFJARÐARBÆJAR 2024



# EFNISYFIRLIT

ALMENNAR FORSENDUR .....	1
LAGAUMGJÖRD .....	1
VELFERÐARSVIÐ .....	2
SKRIFSTOFA VELFERÐARSVIÐS .....	2
ÞJÓNUSTA VELFERÐARSVIÐS .....	3
SKÓLA- OG TÓMSTUNDASVIÐ .....	7
SKRIFSTOFA SKÓLA- OG TÓMSTUNDASVIÐS .....	7
SKÓLAR .....	7
ÍÞRÓTTA- OG ÆSKULÝÐSMÁL .....	12
STJÓRNSÝSLU- OG FJÁRMÁLASVIÐ .....	16
TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR .....	16
VERKEFNI STJÓRNSÝSLU- OG FJÁRMÁLASVIÐS .....	16
MENNINGARMÁL OG ATVINNUMÁL .....	19
UMHVERFIS- OG EIGNASVIÐ .....	22
SKRIFSTOFA UMHVERFIS- OG EIGNASVIÐS .....	22
SKIPULAGSMÁL .....	22
BYGGINGAMÁL .....	23
UMHVERFISMÁL .....	24
FASTEIGNIR ÍSAFJARÐARBÆJAR .....	24
VIÐHALD OG FRAMKVÆMDIR .....	25
VIÐHALD .....	25
FRAMKVÆMDIR .....	26
STYRKUMSÓKNIR .....	26
SLÖKKVILID ÍSAFJARÐARBÆJAR .....	27
STÖRF SLÖKKVILIDS ÁRIÐ 2024 .....	27
HAFNASJÓÐUR .....	29
HAFNIR ÍSAFJARÐARBÆJAR .....	29
FJÁRFESTINGAR .....	30

# ALMENNAR FORSENDUR

## LAGAUMGJÖRÐ

Ársreikningur Ísafjarðarbæjar fyrir árið 2024 er lagður fram og unnin samkvæmt fyrirmælum 61. gr. [sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011](#). Gera skal ársreikning fyrir sveitarsjóð, stofnanir sveitarfélagsins og fyrirtæki þess. Jafnframt skal gera samstæðureikning fyrir sveitarfélagið, það er sveitarsjóð, stofnanir þess og fyrirtæki með sjálfstætt reikningshald, sbr. 60. gr. Ársreikningur skal gerður samkvæmt lögum um ársreikninga, reglum settum samkvæmt þeim lögum og sveitarstjórnarlögum, sem og góðri reikningsskilavenju. Í ársreikningi skal koma fram samanburður við ársreikning undanfarins árs, upphaflega fjárhagsáætlun ársins, og fjárhagsáætlun ársins ásamt viðaukum. Ársreikningur sveitarfélags skal fullgerður og samþykktur af byggðarráði og tilbúinn til endurskoðunar og afgreiðslu í sveitarstjórn fyrir 15. apríl ár hvert. Sveitarstjórn skal hafa lokið staðfestingu ársreiknings sveitarfélags, stofnana sveitarfélags og fyrirtækja þess eigi síðar en 15. maí ár hvert.

Reikningsár sveitarfélaga er almanaksárið. Sveitarfélög, stofnanir þeirra og fyrirtæki eru bókhaldsskyld og gilda ákvæði laga um bókhald og laga um ársreikninga, svo og aðrar góðar bókhalds- og reikningsskilavenjur, um bókhald og reikningsskil sveitarfélaga. Bókhaldi sveitarfélags skal hagað á skýran og aðgengilegan hátt og skulu reikningsskil gefa glögga mynd af rekstri, efnahag og sjóðstreymi.

Í samræmi við 72. gr. sveitarstjórnarlaga skal sveitarstjórn ráða löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki sem annast skal endurskoðun ársreikninga hjá sveitarfélaginu. Endurskoðandi skal endurskoða ársreikning sveitarfélags og í því sambandi kanna bókhaldsgögn sveitarfélagsins og aðra þætti er varða rekstur þess og stöðu. Endurskoðandi skal gera grein fyrir áliti sínu í áritun sinni á ársreikninginn. Endurskoðandi sveitarfélags skal jafnframt kanna hvort fullnægjandi heimildir hafi verið fyrir útgjöldum og hvort almenn stjórnarsýsla sveitarfélags og einstakar ákvarðanir af hálfu þess eru í samræmi við reglur um fjármál sveitarfélags, ábyrga fjármálastjórn og upplýsingaskyldu sveitarfélaga.

Með hliðsjón af ársreikningi Ísafjarðarbæjar 2024 leggur bæjarstjóri jafnframt fram ársskýrslu sveitarfélagsins 2024 þar sem fjallað er um helstu verkefni, samninga, framkvæmdir og starfsemi sveitarfélagsins á árinu 2024.

## VELFERÐARSVIÐ

Velferðarsvið Ísafjarðarbæjar hefur það hlutverk að rækja lögbundnar skyldur sveitarfélagsins á metnaðarfullan hátt með hagsmuni íbúanna í fyrirrími. Lögð er áhersla á að efla félagsauð samfélagsins með hvatningu til ábyrgðar og heilbrigðra lífshátta. Hlutverk velferðarsviðs er að veita íbúum Ísafjarðarbæjar leiðbeiningar og úrlausnir eftir því sem við á í þjónustu og styður við þátttöku þeirra í samfélaginu. Starfsmenn á sviðinu voru alls 151 á árinu 2024.

Ísafjarðarbær er leiðandi sveitarfélag fyrir Súðavíkurrepp í félagsþjónustu og er einnig með samning um vinnslu barnaverndarmála á 3. stigi. Það þýðir að Ísafjarðarbær veitir íbúum Súðavíkurrepps alla sérfræðiþjónustu í félagsmálum og barnavernd.

Þá sinni Ísafjarðarbær einnig vinnslu 3. stigs mála fyrir Bolungarvíkurkaupstað árið 2024 og hefur gert óslitið frá árinu 2002. Samningurinn er í endurskoðun. Árið 2024 vann Ísafjarðarbær að mestu þau 3. stigs mál sem upp komu á félagsþjónustuvæði Stranda og Reykhóla.

Ísafjarðarbær er einnig leiðandi sveitarfélag í barnaverndarþjónustu og málefnum fatlaðs fólks á Vestfjörðum samkvæmt samningi sem öll sveitarfélög á Vestfjörðum, átta talsins, hafa gert með sér. Samningurinn er í endurskoðun. Fjögur félagsþjónustuvæði eru á Vestfjörðum: Félagþjónusta Stranda- og Reykhóla, félagþjónusta Vestur- Barðastrandarsýslu, félagþjónusta Bolungarvíkurkaupstaðar og velferðarsvið Ísafjarðarbæjar og Súðavíkurrepps.

	Félagsþjónusta	Þjónusta vegna 3. stigs mála	Velferðarþjónusta Vestfjarða	Gott að eldast	Samvinna vegna ofbeldismála
Ísafjarðarbær/Súðavík					
Bolungarvíkurkaupstaður					
Strandir/Reykhólar					
Vesturbyggð/Tálknafjörður					

*Félagsþjónustuvæðin fjögur á Vestfjörðum og vinnsla málaflokka á forræði hvers svæðis.*

Í velferðarnefnd sitja fimm fulltrúar Ísafjarðarbæjar og einn áheyrnarfulltrúi Súðavíkurrepps með mál-frelsi og tillögurétt. Breytingar á starfsemi nefndarinnar á grundvelli samnings um Velferðarþjónustu Vestfjarða fóru ekki fram á árinu 2024. Nefndin fundaði níu sinnum árið 2024. Öldungaráð er einnig starfandi og fundaði þrisvar sinnum á árinu 2024.

## SKRIFSTOFA VELFERÐARSVIÐS

Á skrifstofu velferðarsviðs starfa alls átta manns með fasta viðveru. Fleiri starfsmenn eru með reglulega viðveru á skrifstofunni svo sem tilsjón í barnavernd, teymisstjórar í búsetu, forstöðumaður Hvestu, forstöðumaður stuðningsþjónustu, öldrunarfulltrúi, sérfræðingar frá Barnahúsi og sérfræðingar í aðkeyptri þjónustu.

Auk sviðsstjóra eru virk 2,6 stöðugildi í barnavernd, 3,0 stöðugildi í félagsþjónustu, 1,0 stöðugildi í málefnum fatlaðra, 1,0 stöðugildi forstöðumanna í búsetu, tvö 50% stöðugildi teymisstjóra í búsetu, eitt

stöðugildi forstöðumanns í stuðningsþjónustu og eitt stöðugildi öldrunarfulltrúa. Seinni hluta árs 2024 voru samþykktar stöðugildaheimildir fullnýttar.

Kostnaður vegna stöðugildis sviðsstjóra skiptist með millifærslum niður á almenna félagsþjónustu 40%, barnaverndarþjónustu 10% og þjónustu við fatlað fólk 50%.

Ekki hafa verið ráðnir starfsmenn til sumarafleysinga á skrifstofu velferðarsviðs. Það hefur hins vegar reynst nauðsynlegt í búsetum og stuðningsþjónustu.

Tilraunaverkefnið „Gott að eldast“, sem hófst árið 2023 í samvinnu við félags- og atvinnumálaráðuneytið, Heilbrigðisstofnun Vestfjarða og félagsþjónustusvæðin Bolungarvíkurkaupstað og Vesturbyggð, var í vinnslu allt árið 2024. Starfsmaður, tengiráðgjafi í 100% stöðugildi var ráðinn og er staðan kostuð af félags- og atvinnumálaráðuneytinu.

Sömu sögu er að segja um verkefni sem varðar viðbrögð gegn heimilisofbeldi og öðru ofbeldi í samvinnu við lögregluembættið á Vestfjörðum og dómsmálaráðuneytið. Tvö heilbrigðisumdæmi Vestfjarða taka þátt í verkefninu, ásamt öllum félagsþjónustusvæðunum á Vestfjörðum.

Stærsta einstaka verkefnið á árinu 2024 var áframhaldandi vinna við innleiðingu nýrra farsældarlaga sem tóku gildi 1. janúar 2023. Þar ber hæst samþætting í vinnslu mála með hagsmuni barna og fjölskyldna þeirra að leiðarljósi. Á grundvelli þess var í október 2023 undirritaður samningur um sérhæfða velferðarþjónustu á Vestfjörðum sem öll sveitarfélög taka þátt með Ísafjarðarbæ sem leiðandi sveitarfélag. Samningurinn felur í sér framkvæmd og rekstur barnaverndarþjónustu og þjónustu við fatlað fólk.

Á árinu 2024 voru stofnuð 811 mál á velferðarsviði en eftir standa önnur almenn stjórnsýslumál og mál sem unnin eru þvert á svið. Jafnframt er nokkur fjöldi mála sem eru þess eðlis að þau eru opin á meðan einstaklingurinn sem um ræðir er í þjónustu sveitarfélagsins. Flest þannig mál varða fatlað fólk og einstaklinga sem glíma við langvarandi félagslegan vanda eða börn sem fóstruð eru af hálfu barnaverndarþjónustunnar. Dæmi eru um mál sem voru stofnuð í kringum 2011 og eru ennþá í virkri vinnslu.

## ÞJÓNUSTA VELFERÐARSVIÐS

Þjónustu velferðarsviðs má skipta í þrjá yfirflokkasem deildarstjórar í hverri fyrir sig bera ábyrgð á:

1. Almenn félagsþjónusta
2. Barnaverndarþjónusta
3. Þjónusta við fatlað fólk

### Almenn félagsþjónusta

Ný verkefni og verkefni í vinnslu:

Jafningjafræðsla IPS (Individual placement and support) Einstaklingsmiðaður stuðningur við starfsleit, í samvinnu við Virk.

Enn er unnið að innleiðingu varðandi farsæld barna, hægt hefur gengið að fjölga málum á 2. stigi en þeim mun fjölga verulega á árinu 2025.

Samhæfingarteymi samkvæmt áætlun um viðtækt samstarf á sviði endurhæfingar og samhæfingu þjónustu var í undirbúningi allt árið 2024. Tryggingastofnun ríkisins leiðir þessa undirbúningsvinnu. Vinna samkvæmt áætlun mun hefjast í september 2025. Deildarstjóri félagsþjónustu velferðarsviðs er skipaður tengiliður í samhæfingarteymi Vestfjarða og Vesturlands. Um er að ræða heildrænt mat á starfsgetu og færni einstaklings.

Verkefni tengd samningi um samræmda móttöku flóttamanna en þar er núna gert ráð fyrir að sérstök þjónustuáætlun sé gerð fyrir alla flóttamenn. Mikil samvinna er á milli Vinnumálastofnunar og Ísafjarðarbæjar, fundað er á tveggja vikna fresti.

Í lok árs 2024 voru 45 flóttamenn í þjónustu sviðsins á Ísafirði, í Súðavík og á Suðureyri, en samningurinn kveður á um 40 flóttamenn í samræmdri móttöku. Níu fluttu frá Ísafjarðarbæ en sex manna fjölskylda bættist við á árinu 2024. Sveitarfélagið fékk greitt með skráðum fjölda í þjónustu, þrátt fyrir tilgreindan fjölda í samningi til september 2024. Þá var gerð breyting sem kveður á um að ekki sé greitt með fleirum en samningurinn um samræmdu móttökunni kveður á um. Í núverandi hópi nýrra íbúa eru tveir sem ekki hafa fengið atvinnu, tveir sem fá þjónustu vegna fötlunar og einn eftirlaunabegi. Tryggingastofnun ríkisins greiðir flóttamönnum hvorki elli- né örorkulífeyri og því eru einstaklingar í þessari stöðu einungis með rétt til fjárhagsaðstoðar frá sveitarfélaginu þar til réttur hefur skapast hjá Tryggingastofnun ríkisins.

### **Almenn félagsþjónusta**

Umsóknir um fjárhagsaðstoð, hvers konar, voru 187, nýjar þjónustuáætlanir fyrir flóttafólk voru níu en alls eru áætlanirnar 30, umsóknir um afslátt af fasteignagjöldum voru 8, um sérstakan húsnæðisstuðning sóttu 42, endurhæfingaráætlanir voru 14, umsóknir um forgang að leiguíbúð voru 10. Stofnuð mál um félagslega ráðgjöf voru 163 en það skal tekið fram að félagsleg ráðgjöf er líka veitt í málum sem eru tiltekin hér að ofan — allt frá lítilli ráðgjöf til verulegrar ráðgjafar og eftirfylgni. Mikil samvinna er við Vesturafli og Fjölsmiðju, bæði með tilvísunum í úrræðin og jafnframt með greiðslu fjárhagsaðstoðar til einstaklinga í Fjölsmiðjunni í formi styrks. Útgefin framfærsluvottorð frá september 2024 voru níu talsins.

### **Stuðningsþjónusta**

Umsóknir um heimþjónustu voru 109 en í þeirri tölu er þjónusta við fatlað fólk, eldri borgara og öryrkja. Um mitt ár 2024 var forritið Nærvera lagt niður en Dala-Care var tekið í notkun. Það hefur gefið mun betri yfirsýn yfir stuðningsþjónustuna og jafnframt auðveldað hagræðingu, skipulag og nýtingu á tíma starfsfólks.

Almenn ánægja ríkir með kvöld- og helgarþjónustu en níu einstaklingar þiggja slíka þjónustu sem veitt er klukkan 17:30–20:30, alla daga vikunnar.

Heildarfjöldi innlita á árinu 2024 er verulegur, alls 2.223, eða 185 á mánuði. Þjónustan er veitt öldruðum en jafnframt yngri notendum sem glíma við langvarandi áfengis- og/eða vímuefnavanda.

### **Félagsleg liðveisla**

Starfsmenn í félagslegri liðveislu eru að meðaltali um 22, samþykkt þjónusta er frá 12–20 tímum á mánuði. Mun betur hefur gengið að ráða starfsfólk í þjónustuna og annast utnumhald eftir að ráðgjafi á velferðarsviði tók við málaflokknum vegna anna hjá forstöðumanni í stuðningsþjónustu. 17 nýjar

umsóknir bárust um félagslega liðveislu árið 2024. Þjónustuna nýttu 35 einstaklingar, 15 fullorðnir og 20 börn.

### **Ferliþjónusta**

Umsóknir um ferliþjónustu voru 35. Heildarfjöldi ferða árið 2024 var 5.012. Þar af 3.672 fyrir eldri borgara og fatlað fólk, 977 ferðir vegna dagdeildar og 363 ferðir fyrir börn. Það gefur auga leið að utanumhald er töluvert með þjónustunni á velferðarsviði. Ráðinn var bílstjóri og fjárfest í bíl fyrir ferliþjónustuna. Verktakasamningi um þjónustuna lauk í maí 2024, frá þeim tíma og til loka árs sá sviðsstjóri um þjónustuna vegna anna hjá forstöðumanni í stuðningsþjónustu.

### **Málefni aldraðra**

Umsóknir um þjónustuíbúð voru 15. Ein íbúð á Tjörn var ekki í leigu allt árið. Umsóknir um dvöl á dagdeild voru 12 og unnin voru 29 færni- og heilsumöt vegna umsóknar um dvöl á hjúkrunarheimili.

### **Móttökueldhús á Hlíf**

Sex starfsmenn sinna þjónustu í mótuneytinu á Hlíf. Seldar máltíðir voru 11.916 þar af voru heimsendar máltíðir 3.386 og seldar máltíðir til dagdeildar 1.292.

### **Heimsending matar**

Tveir starfsmenn sinna þjónustu við að keyra út mat í heimahús. Að meðaltali eru um 10 til 12 einstaklingar að fá heimsendingu matar á virkum dögum en fjórir til sex um helgar.

### **Dagdeild á Hlíf**

Samningur er í gildi á milli Sjúkratrygginga Íslands og Ísafjarðarbæjar um níu almenn pláss á dagdeild og fjögur fyrir fólk með heilabilun. Árið 2024 var þjónustan veitt einstaklingum frá Ísafjarðarbæ og Súðavík. Þegar mest var voru 13 einstaklingar að nýta þjónustuna en annars eru þeir 10 að meðaltali. Tveir til fjórir einstaklingar með heilabilun hafa nýtt þjónustuna. Fólkið sem dvelur á dagdeild er virkt í þátttöku í öllu félagsstarfi á Hlíf. Auka þarf dvalir eldri borgara á dagdeild. Tæp tvö stöðugildi eru skráð á dagdeild, þar af iðjubjálfi í 60% starfi en á stundum er ráðið inn tímavinnufólk og jafnframt er ráðið fólk til sumarafleysinga.

### **Félagsstarf aldraðra**

Öldrunarfulltrúi hefur yfirumsjón með öllu félagsstarfi aldraðra í Ísafjarðarbæ og er í mikilli samvinnu við starfsfólk félagsstarfsins í Súðavík, en þar er starfsfólk enn á vegum Súðavíkurhrepps og er það eina deildin í velferðarmálum sem enn er í forsvari hans. Öflugt félagsstarf er á Suðureyri og á Þingeyri, íbúar á Flateyri fá þjónustu á Ísafirði. Samtals eru 1,75 stöðugildi skráð á félagsstarf.

Félagsstarfið er mjög fjölbreytt og er afar vel sótt af íbúum Hlífar og eins af fólki í bænum, sem og frá öðrum byggðakjörnum. Í raun eru aðeins þrír viðburðir sem eru sérstaklega ætlaðir Hlífarbúum, þorra-blót, sólarpönnukökur og Tjörhúsferð. Þessir atburðir eiga sér langa sögu. Aðrir viðburðir spanna alla samfélagsflórana og afar mismunandi áhugamál fólks.



## Barnaverndarþjónusta

Ísafjarðarbær gerðist leiðandi sveitarfélag í barnaverndarþjónustu seinni hluta ársins 2023. Það fól í sér breytingar á verklagi í barnavernd og verulega auknum samskiptum og samvinnu við aðildarsveitarfélögin. Vikulegir teymisfundir sem áður voru einungis settir starfsmönnum velferðarsviðs eru nú einnig með fulltrúum frá þremur öðrum félagsþjónustusvæðum. Velferðarteymið fundaði 47 sinnum á árinu 2024.

## Málefni fatlaðs fólks

Töluverðar breytingar urðu á árinu 2024 í tengslum við að Ísafjarðarbær gerðist leiðandi sveitarfélag í málaflokknum með samningi sem undirritaður var í október 2023. Öll samskipti við ráðuneyti og stofnanir í málaflokknum eru nú í forsvari sveitarfélagsins og jafnframt eru samskipti við aðildarsveitarfélögin miklum mun meiri en áður. Eitt stöðugildi deildarstjóra er skilgreint í stjórnun og ráðgjöf.

## Búsetuþjónusta

Starfandi voru tvær búsetueiningar á Ísafirði, í Sindragötu og Pollgötu frá september 2024, þegar búseta í Fjarðarstræti var lögð niður. Starfsmenn eru alls 28 í 21,05 stöðugildum. Fjöldi þjónustuþega er átta. Kostnaður vegna búsetunnar hélst óbreyttur til áramóta vegna uppsagnarákvæða.

## Hvesta

Í Hvestu starfar forstöðumaður, sem jafnframt veitir skammtímvistun forstöðu, sjö leiðbeinendur og einn tímavinnustarfsmaður í ræstingum. Samtals 4,97 stöðugildi.

Þangað sækja 15 fatlaðir starfsmenn atvinnu og/eða hæfingu á opnunartíma Hvestu frá 8–16, alla virka daga. Fjölbreytni í verkefnum fer vaxandi vegna sérstaks átaks sem hófst haustið 2023. Í því felst til dæmis samvinna við Kertahúsið, Eyri, Vesturafli, og Fisk du Nord.

## Skammtímvistun

Skammtímvistun er opin aðra hverja helgi og þar sækir einn einstaklingur þjónustu frá föstudegi til sunnudags. Í skammtímvistun starfa tveir tímavinnustarfsmenn frá klukkan 16 á föstudegi til klukkan 17 á sunnudegi þegar vistunin er opin. Húsnæðið hefur jafnframt verið nýtt af félagslegri liðveislu og þroskaþjálfu í leikskóla í störfum sínum með fötluðum börnum.

# SKÓLA- OG TÓMSTUNDASVIÐ

## SKRIFSTOFA SKÓLA- OG TÓMSTUNDASVIÐS

Á skrifstofu skóla- og tómstundasviðs hafa verið tveir starfsmenn frá árinu 2015; sviðsstjóri og skóla- og sérkennslufulltrúi, en sá þriðji bættist við árið 2024, ípróttá- og æskulýðsfulltrúi. Sviðsstjóri sér um að reka sviðið sem er með 52 deildum, 26 deildir undir fræðslumálum og 26 deildir undir æskulýðs- og ípróttamálum. Alls eru 16 forstöðumenn yfir þessum deildum en jafnframt eru tvær deildir einkareknar með framlögum frá Ísafjarðarbæ.

Í janúar 2023 hófst stórt verkefni á sviðinu þegar byrjað var að undirbúa innleiðingu nýrrar farsældar-laga og hefur það verkefni áfram verið með stærstu verkefnum á sviðinu á árinu 2024. Verkefnið krefst þess að fræða þarf alla sem koma að málefnum barna og innleiða þarf nýtt verklag við vinnslu mála. Ríkið greiðir Ísafjarðarbæ um 12 milljónir króna á ári við að innleiða verkefnið sem nýtt er til að greiða verkefnastjóra laun.

Áfram var unnið að því að stytta biðlista hjá skólasálfræðingum í samstarfi við leik- og grunnskóla og er nú biðtíminn kominn niður í 3-6 mánuði, sem telst afar gott á landsvísu. Forgangsraðað er eftir alvarleika mála. Boðið var upp á fræðslu fyrir foreldra um ADHD og kvíðaraskanir hjá börnum. Voru námskeiðin vel sótt.

Skólaskrifstofan auglýsti ítrekað eftir talmeinafræðingi meðal annars inni á síðu Talmeinafræðingafélags Íslands sem væri tilbúinn að koma reglulega til Ísafjarðar og veita talmeinaþjónustu í leikskólunum og grunnskólanum. Auglýsingarnar skiluðu ekki árangri enda mikill skortur á talmeinafræðingum á Íslandi. Ísafjarðarbæ bauðst þá auka þjónusta hjá fyrirtækinu Tröppu sem hefur sinnt talmeinaþjónustu á Flateyri, Suðureyri og Þingeyri og var gerður stærri samningur við fyrirtækið til að bæta Ísafirði við.

## SKÓLAR

### Skóla-, ípróttá- og tómstundanevnd

Skóla-, ípróttá- og tómstundanevnd tók til starfa í janúar 2024 eftir að fræðslunefnd og ípróttá- og tómstundanevnd voru sameinaðar. Nefndin fundaði alls 15 sinnum.

### Framlög til leik- og grunnskóla í öðrum sveitarfélögum

Tvö börn með lögheimili í öðru sveitarfélagi sóttu leikskóla í Ísafjarðarbæ. Tvö börn með lögheimili í öðru sveitarfélagi sóttu grunnskóla í Ísafjarðarbæ á meðan eitt barn með lögheimili í Ísafjarðarbæ sótti skóla í öðru sveitarfélagi.

Rukkað er fyrir slíka þjónustu samkvæmt [viðmiðunargjaldskrá Sambands íslenskra sveitarfélaga](#) vegna leikskóladvalar utan lögheimilissveitarfélags og [viðmiðunargjaldskrá Sambands íslenskra sveitarfélaga](#) vegna grunnskólanáms utan lögheimilissveitarfélags.

## Leikskólar

Leikskólarnir í Ísafjarðarbæ buðu íbúum upp á myndlistasýningar um páskana sem fóru fram víðsvegar um sveitarfélagið. Sýningar fóru fram í íþróttamannvirkjum á Flateyri, Suðureyri og Þingeyri. Á Ísafirði prýddu myndirnar veggj og glugga í miðbænum og var það Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, sem setti sýninguna á skírdag.

Starfshópur um leikskólamál tók til starfa á árinu en við sveitarfélaginu blasti alvarleg staða þar sem starfsmannavelta á leikskólum var orðin mikil og starfsfólk þar var ósátt við að geta ekki nýtt lögbundið orlof sitt. Starfshópurinn skilaði af sér tillögum í apríl sem samþykktar voru af bæjarstjórn í maí en þær fólu í sér að lækka leikskólagjöld um 6%, stytta vistunartíma yngstu barnanna og settir voru á lokunardagar og skráningadagar á leikskólunum.

## Eyrarskjól

Leikskólinn Eyrarskjól á Ísafirði er rekinn af Hjallastefnunni ehf. fyrir Ísafjarðarbæ. 75–86 börn voru með pláss á leikskólanum árið 2024. Ísafjarðarbær borgar samkvæmt samningi út frá fjölda dvalarstunda barna og hækkar/lækkar framlagið ef faghlutfall starfsmanna á leikskólanum fer yfir/undir 50%. Í lok árs var faghlutfallið 35%. Í maí 2024 samþykkti bæjarstjórn að hækka einingarverðið sem greitt er til Hjallastefnunnar eftir að samanburður var gerður á kostnaði leikskólanna Sólborgar og Eyrarskjóls. Unnið er að nýjum samning við Hjallastefnuna um rekstur Eyrarskjóls.

## Sólborg

Um 55-62 börn voru á leikskólanum Sólborg árið 2024. Fastráðnir starfsmenn á leikskólanum eru í 19,37 stöðugildum á meðan tímabundnar ráðningar eru samtals 3,87 stöðugildi. Langtímaveikindi starfsmanna hafði áhrif á starfið en þar sem ekki tókst að ráða inn fyrir alla voru deildir stundum undir-mannaðar.

Á árinu 2024 hættu 12 starfsmenn og 12 voru ráðnir nýir inn, inni í þessum fjölda eru bæði fastráðnir og tímabundnar ráðningar.

Þrátt fyrir langtímaveikindi starfsmanna var leikskólinn rekinn innan fjárhagsáætlunar eða 1,5 milljón undir áætlun.

Leikskólinn opnaði Instagram síðu vorið 2024 til að veita innsýn í það faglega starf sem fram fer í skólanum og hefur það vakið mikla ánægju meðal foreldra og annarra bæjarbúa. Haustið 2024 fóru fleiri foreldrar að velja Sólborg sem fyrsta kost þegar sótt var um leikskólapláss fyrir börn en áður höfðu fleiri valið hann sem annan kost.

## Tangi

Á leikskólanum Tanga voru 45 börn fyrri hluta ársins en seinni hlutann fór hann niður í 34, sem er óvenjumikil sveifla á milli ára en börnin verða aftur 45 haustið 2025. Gera þarf ráðstafanir til að geta tekið inn fleiri börn á Tanga og hefur skógarhús verið nefnt sem kostur. Samkvæmt mannfjöldaspá fyrir Ísafjarðarbæ stefnir í fjölgun barna á Ísafirði næstu árin.

Fastráðnir starfsmenn á Tanga eru í 9,58 stöðugildum. Langtímaveikindi starfsmanna og fæðingarorlof gera það að verkum að ráða þarf inn fólk tímabundið. Frá 1. ágúst 2023 hættu fimm starfsmenn en tveir voru ráðnir nýir inn.

Leikskólinn Tangi var rekinn með 15 milljón króna halla en skýringin á því eru langtímaveikindi starfsmanna og hærri kostnaður vegna orkukaupa og kaupa á matvælum.

Meðal fjölmargra atburða í skólanum 2024 var að í samstarfi við Pál Janus Þórðarson sundkennara var öllum börnum á Tanga boðið upp á sex sundtíma á leikskólatíma án endurgjalds. Foreldrar lýstu ánægju með framtakið og var ákveðið að halda áfram með verkefnið.

## **Grænigarður**

Á leikskólanum Grænagarði á Flateyri voru sjö börn með leikskólaláss fyrri hluta ársins 2024 en eftir sumarlok fór fjöldinn upp í níu.

Fastráðnir starfsmenn á Grænagarði eru í þremur stöðugildum á meðan tímabundnar ráðningar eru samtals 1,5 stöðugildi og tveir með tímavinnusamning sem hlaupa í skarðið þegar vantar fólk. Nýr leikskólastjóri hóf störf í janúar. Á árinu 2023 hættu fjórir starfsmenn og fjórir voru ráðnir nýir inn. Inni í þessum fjölda eru bæði fastráðnir og tímabundnar ráðningar.

Grænigarður var rekin með halla upp á 1,9 milljón sem skýrist af hærri launagreiðslum vegna skammtíma veikinda starfsmanna.

Á árinu var sett af stað lestrarátak í samvinnu við foreldra sem stóð í þrjár vikur. Skólinn leigði bækur af bókasafni Ísafjarðarbæjar og fóru börnin með eina bók heim hvern dag í átakinu. Bókin var svo lesin heima af foreldrum fyrir barnið og skráðu svo bókina á tiltekinn bókakjöl sem var límd upp á vegg. Alls voru 100 bækur lesnar. Óhætt að segja að átakið hafi ýtt undir samstarf við foreldra og gert þau að virkum þátttakendum í starfinu.

## **Laufás**

Á leikskólanum Laufási á Þingeyri voru 13 börn með leikskólaláss fyrri hluta ársins en 15 seinni hlutann.

Fastráðnir starfsmenn á Laufási eru í 5,56 stöðugildum. Á árinu 2024 hætti einn starfsmaður og einn ráðinn inn. Lítil starfsmannavelta hefur einkennt leikskólann á árinu sem telst jákvætt.

Samkvæmt skýrslu sveitarfélagsins um rekstrarniðurstöðu Laufáss fór leikskólinn 10 milljónum yfir áætlun en í raun var hann rekinn á pari við fjárhagsáætlun. Það sem vantar inn í myndina er að í leikskólanum voru börn úr öðru sveitarfélagi sem greiddu með börnunum en þær tekjur bókuðust á aðra deild.

Hefð er fyrir því að börnin á Laufási takið þátt í árshátíð Grunnskólans á Þingeyri sem fer fram í félagsheimilinu. Í ár voru börnin með glæsilegt söngatriði sem þau fluttu upp á sviði fyrir framan grunnskólánemendur.

## Tjarnarbær

Í lok árs 2024 voru 18 börn með leikskólapláss á leikskólanum Tjarnarbæ á Suðureyri.

Fastráðnir starfsmenn á Laufási voru í sex stöðugildum. Á árinu 2024 hættu tveir starfsmenn og tveir voru ráðnir nýir inn. Inni í þessum fjölda eru bæði fastráðnir og tímabundnar ráðningar.

Leikskólinn var rekinn með 1,5 milljón króna halla vegna orlofsuppgjörs.

Á Tjarnarbæ er mikil áhersla lögð á sköpun og leikgleði. Jafnframt er áhersla á að efla þekkingu um samfélagið og einn liður í því eru heimsóknir í fyrirtækin á svæðinu.

## Grunnskólar

### Grunnskólinn á Ísafirði

Í lok árs 2024 voru 395 nemendur í Grunnskólanum á Ísafirði en nemendum þar hefur fjölgað jafnt og þétt síðastliðin 10 ár, sem veldur því að allar skólastofur eru í fullri notkun. Skortur er á plássi í skólanum meðal annars vantar skólastofur og fundarrými.

Fastráðnir starfsmenn í grunnskólanum voru í 47,18 stöðugildum á meðan tímabundnar ráðningar eru samtals 18,14 stöðugildi. Langtímaveikindi starfsmanna gera það að verkum að ráða þarf inn fólk tímabundið. Á árinu 2024 hættu 16 starfsmenn og 21 voru ráðnir nýir inn, en inni í þessum fjölda eru bæði fastráðnir og tímabundnar ráðningar.

Grunnskólinn var rekinn með 17 milljóna króna halla sem skýrist af langtímaveikindum starfsmanna en það þurfti að ráða aðra inn í staðinn fyrir þá. Launakostnaður er um 85% af rekstri skólans og því er reksturinn viðkvæmur þegar langtímaveikindi starfsmanna eru mikil.

Um vorið fékk skólinn lýðheilsuverðlaunin 2024 fyrir fjallgönguverkefnið sem hefur verið í gangi síðan 1996 og fór skólastjórinn á Bessastaði til að taka við verðlaununum. Mikil breyting var í stjórn skólans við upphaf skólaársins haustið 2024 en þá hófu störf fjórir nýir stjórnendur, sem þó höfðu mikla reynslu úr skólanum.

### Grunnskóli Öndarfjarðar

Í lok árs 2024 voru 11 nemendur í Grunnskóla Öndarfjarðar, sex á yngsta stigi, fjórir á miðstigi og einn á unglingsstigi.

Fastráðnir starfsmenn í grunnskólanum voru í 3,97 stöðugildum og 0,35 í tímabundinni ráðningu. Á árinu 2024 hættu tveir starfsmenn og tveir voru ráðnir nýir inn, en inni í þessum fjölda eru bæði fastráðnir og tímabundnar ráðningar.

Skólinn var rekinn einni milljón undir fjárhagsáætlun.

Skólinn fékk styrk frá Rannís ásamt Grunnskólanum á Suðureyri og Grunnskólanum á Þingeyri til að efla faglegt samstarf á milli skóla. Kennarar og nemendur hafa unnið þvert á skóla, á öllum þremur stöðunum og haldið uppskeruhátíðir og samkomur til að fagna áföngum.

## **Grunnskólinn á Þingeyri**

Í lok árs 2024 voru 40 nemendur í Grunnskóla Þingeyrar þar sem kennt er á þremur stigum. Hátt hlutfall nemenda er með mikla stuðningsþörf sem skólinn þarf að mæta með aðstoð skólaskrifstofunnar. Því var mætt með því að bæta við stuðningsfulltrúa og skólasálfræðingur veitti aukna þjónustu yfir árið.

Fastráðnir starfsmenn í grunnskólanum voru í 2,85 stöðugildum og lausráðnir í 6,38 stöðugildum. Á árinu 2024 hættu fimm starfsmenn og þrír voru ráðnir nýir inn, en inni í þessum fjölda eru bæði fastráðnir og tímabundnar ráðningar.

Skólinn var 1,5 milljón undir fjárhagsáætlun 2024 en erfiðlega gekk að ráða í öll stöðugildi.

Skólinn fékk styrk frá Rannís ásamt Grunnskólanum á Suðureyri og Grunnskóla Öfundarfjarðar til að efla faglegt samstarf á milli skóla. Kennarar og nemendur hafa unnið þvert á skóla, á öllum þremur stöðunum og haldið uppskeruhátíðir og samkomur til að fagna áföngum.

## **Grunnskólinn á Suðureyri**

Í lok árs 2023 voru 38 nemendur í Grunnskólanum á Suðureyri þar sem kennt er á þremur stigum. Hátt hlutfall nemenda er með íslensku sem annað mál eða 60%.

Fastráðnir starfsmenn í skólanum voru í 6,17 stöðugildum og lausráðnir í 1,48 stöðugildum. Á árinu 2024 hættu tveir starfsmenn og tveir voru ráðnir nýir inn, en inni í þessum fjölda eru bæði fastráðnir og tímabundnar ráðningar. Erfiðlega gekk að ráða inn í lausar kennarastöður við skólann en kennarar og skólastjórnandi leystu það með mikilli samvinnu og elju. Í lok árs náðist að ráða tvo leiðbeinendur inn sem létti töluvert á öllu starfsfólki skólans enda var mannekla farin að taka sinn toll.

Grunnskólinn var rekinn 21 milljón undir áætlun sem skýrist af þeirri manneklu sem skólinn glímdi við á meðan það vantaði í tvær heilar kennarastöður allt árið.

Skólinn fékk styrk frá Rannís ásamt Grunnskólanum á Þingeyri og Grunnskóla Öfundarfjarðar til að efla faglegt samstarf á milli skóla. Kennarar og nemendur hafa unnið þvert á skóla, á öllum þremur stöðunum og haldið uppskeruhátíðir og samkomur til að fagna áföngum.

## **Aðrar skólastofnanir**

### **Dægradvöl Ísafirði**

Í lok árs 2024 voru 85 börn skráð í dægradvöl, sem er lögbundin þjónusta sem tekur við að loknum grunnskóladeginum. Rýmið sem starfsemin hefur er orðið alltof lítið og er ljóst að starfsemin þarf að komast í stærra húsnæði.

Fastráðnir starfsmenn í dægradvöl voru í 3,18 stöðugildum á meðan tímabundnar ráðningar eru samtals 1,66 stöðugildi. Alls eru tveir starfsmenn með tímavinnusamning. Mikil mannekla var í dægradvöl sem olli því að grípa þurfti til lokana dag og dag.

Dægradvöl Ísafirði var rekin sjö milljónum undir fjárhagsáætlun 2024 og er ástæðan sú að ekki tókst að ráða í allar stöður.

## Dægradvöl Flateyri, Þingeyri og Suðureyri

Dægradvöl á Flateyri er starfrækt í Grunnskóla Önuðarfjarðar og nýta fimm börn sér þjónustuna.

Dægradvöl á Þingeyri er starfrækt í leikskólanum Laufási og var eitt barn skráð þar árið 2024.

Dægradvöl á Suðureyri er starfrækt í leikskólanum Tjarnarbæ og voru þrjú börn skráð þar árið 2024.

## Mötuneyti Grunnskólans á Ísafirði

Skólamatúr varð gjaldfrjáls haustið 2024 svo nemendum sem nota skólamötuneytið fjölgaði um 100 og var stöðugildum þar fjölgað um 0,75. Í mötuneytinu eru 3,5 föst stöðugildi. Þar er lítil starfsmannavelta og sama starfsfólkið verið við störf í mörg ár.

Mötuneyti GÍ var rekið fimm milljónum yfir fjárhagsáætlun en það skýrist af því að notendum fjölgaði eftir að skólamatúr varð gjaldfrjáls og kaup á matvælum urðu meiri en áætlað var.

## Tónlistarskóli Ísafjarðar

Tónlistarskólinn er rekinn af Tónlistarfélagi Ísafjarðar en Ísafjarðarbær greiðir laun starfsmanna. Hljóðfæra- og söngnemendur voru 184 vorið 2024. Að auki komu öll börn úr Tanga, og allur 1. og 2. bekkur GÍ í vikulegar söngstundir, samtals 221 barn. Í Lúðrasveit Tónlistarskólans voru 10 og 12 í kór.

Í skólanum eru fastráðnir starfsmenn í 12,3 stöðugildum og lausráðnir í 0,71 stöðugildum. Skólinn var rekinn níu milljónum undir áætlun sem skýrist af því að lífeyrisskuldbindingar voru lægri en áætlað var.

## Listaskóli Rögnvaldar Ólafssonar

Skólinn er rekin með mánaðarlegum framlögum frá Ísafjarðarbæ. Í skólanum eru 10 nemendur, allir eldri en 18 ára. Deildin var á pari við fjárhagsáætlun.

## ÍPRÓTTA- OG ÆSKULÝÐSMÁL

### Íþróttamannvirki og -svæði

#### Íþróttahúsið Torfnesi

Íþróttahúsið er opið 11 mánuði á ári og er að mestu notað af aðildarfélögum HSV, Grunnskólanum á Ísafirði og Menntaskólanum á Ísafirði. HSV fékk 2768 tíma á árinu á meðan Grunnskólinn á Ísafirði notaði 432 tíma og menntaskólinn 155 tíma.

Í íþróttahúsinu eru fastráðnir starfsmenn í fjórum stöðugildum og tveir starfsmenn í tímavinnu.

Íþróttahúsið var rekið sex milljónum undir fjárhagsáætlun en húsaleigutekjur voru fimm milljónum meiri en áætlað var. Húsið er opið alla daga vikunnar, er í mikilli notkun og því verður að manna allar vaktir.

Enn er vaxandi þörf fyrir stærri geymslu til að koma fyrir stólum og öðrum búnaði. Þegar húsið er leigt út fyrir stærri viðburði þarf að loka húsinu sólarhring áður til að setja mottur á gólfíð og bera stóla á milli hæða.

## Íþróttavallarhús Torfnesi

Vallarhúsið er á tveimur hæðum og er knattspyrnudeild Vestra með afnot af efri hæðinni en á þeirri neðri eru búningsklefar, boltageymsla og dómarahebergi. Aðeins tveir búningsklefar eru í húsinu en aðrir stöðuna nota yngri flokkar og meistaraflokkar Vestra ásamt meistaraflokki Harðar. Starfsfólk íþróttahússins á Torfnesi sjá um þrif og minniháttar viðhald á húsinu.

Kostnaðurinn við að reka húsið voru níu milljónir króna en inni í því eru fjórar milljónir í leigutekjur, níu milljónir í millifærslur og tvær milljónir í hita og rafmagn. Deildin var rekin á tveimur milljónum undir fjárhagsáætlun þar sem tekjurnar reyndust meiri en áætlað var.

## Líkamsræktarstöð

Ísafjarðarbær greiðir fasta upphæð í hverjum mánuði og því stóðst fjárhagsáætlun fyrir þessar deild á árinu 2023. Einnig var keypt nýtt hlaupabretti sem líkamsræktarstöðin hýsir.

## Sundhöll Ísafjarðar

Í sundhöllinni vinna fastráðnir starfsmenn í fimm stöðugildum og lausráðnir í 1,4 stöðugildum sem ganga vaktir, enda laugin opin alla daga vikunnar.

Tekjur af aðgangseyri árið 2024 voru 6,7 milljónir sem er einni milljón minna en árið áður. Deildin var rekin tveimur milljónum yfir fjárhagsáætlun en ástæðan fyrir því er að tekjur reyndust lægri en áætlað var.

Íþróttasalurinn er notaður fyrir hádegið alla virka daga fyrir skólaíþróttir af 1.–4. bekk GÍ. Aðildarfélag HSV nota salinn þó mest eða 1390 tíma árið 2024. Lausir tímar eru leigðir út til einkaaðila.

GÍ notar sundlaugina klukkan 8–12 alla virka daga yfir skólaárið. HSV fékk svo 191 tíma á árinu.

## Íþróttamiðstöð Flateyri

Í íþróttamiðstöðinni er einn fastráðinn starfsmaður í einu stöðugildi og einn ráðinn tímabundið í 0,2 stöðugildi.

Tekjur af aðgangseyri árið 2024 voru sjö milljónir sem er einni milljón meira en árið áður. Mestar tekjur koma inn á sumrin frá júní fram í ágúst. Deildin var rekin með fjögurra milljóna króna halla sem skýrist af því að orlofsuppgjör var meira en áætlað var og orkukostnaður var 2,5 milljón meira en áætlað var.

Íþróttahúsið er ekki í mikilli almennri notkun en grunnskólinn notar hann mest fyrir íþróttakennslu sem nemur um tvær klukkustundir á viku. Jafnframt notar Lýðskólinn íþróttahúsið tvisvar sinnum í viku og aðildarfélag HSV notuðu 30 tíma á árinu 2024. Húsið er einnig notað undir þorablót og stærri veislur.

## Íþróttamiðstöð Suðureyri

Í íþróttamiðstöðinni eru tveir fastráðnir starfsmenn í 1,4 stöðugildum.

Tekjur af aðgangseyri árið 2024 voru 5,6 milljónir sem er 2,4 milljónum minna en árið áður. Deildin fór þremur milljónum yfir áætlun sem skýrist af meiri yfirvinnu en áætlað var. Yfirvinnan er vegna aukavakta sem þarf að manna þegar starfsmenn á vakt eru frá svo hægt sé að halda sundlauginni opinni.



Íþróttahúsið er töluvert notað af aðildarfélögum HSV sem fékk 328 tíma á árinu.

## Íþróttamiðstöð Þingeyri

Í íþróttamiðstöðinni eru tveir fastráðnir starfsmenn í tveimur stöðugildum og einn ráðinn tímabundið í 0,2 stöðugildi. Jafnframt eru átta tímavinnustarfsmenn. Íþróttamiðstöðin annast tjaldsvæðið á Þingeyri á sumrin en því fylgir töluverð vinna.

Tekjur af aðgangseyri árið 202 voru 7,6 milljónir sem er einni milljón meira en árið áður. Deildin fór fjórum milljónum yfir áætlun sem skýrist af meiri yfirvinnu en áætlað var fyrir. Yfirvinnan er vegna aukavakta sem þarf að manna þegar starfsmenn á vakt eru frá svo hægt sé að halda mannvirkinu opnu.

Lagnarkerfi laugarinnar bilaði á árinu svo sundlaugin var lokað í tvær vikur. Einnig brotnaði gler inni í sundlaugarrýminu í fávíðri svo það fóru glerbrot í sundlaugina. Starfsmenn brugðust skjótt við og náðu að slökkva á dælubúnaði svo glerbrot fóru ekki í lagnakerfið.

Íþróttahúsið er aðallega notað af leik- og grunnskóla á svæðinu og svo er íþróttafélagið Höfrungur með reglulegar æfingar.

## Íþróttasvæði

Undir íþróttasvæðið fellur knattspyrnusvæðið á Torfnesi. Deildin var tveimur milljónum undir fjárhagsáætlun en ástæðan fyrir því er að millifærslur voru meiri en áætlað var.

Æfingavöllurinn er nú nýttur allt árið um kring þar sem knattspyrnuæfingar fara fram. Ísafjarðarbær sér um að moka völlinn þegar snjóar á honum og var kostnaður vegna þessa um fimm milljónir á árinu.

## Skíðasvæði

Á skíðasvæðinu voru tveir fastráðnir starfsmenn í tveimur stöðugildum en 13 voru með tímavinnusamning.

Mikið viðhald var á árinu og bilaði allt sem gat bilað; annar troðarinn, allar þrjár lyfturnar og kassakerfið. Fór mikill tími starfsmanna í að bilanagreina og laga þessi tæki. Vélageymslan er óviðunandi fyrir starfsfólk að mati Vinnueftirlitsins og tekur sviðsstjóri undir það. Plássið er allt of lítið, þar loftar ekki vel svo starfsmenn anga af olíulykt og starfsmannaaðstaðan of lítil. Finna þarf lausn á þessu. Þá þarf að flytja skíðaleiguna tvisvar sinnum á ári, inn og út úr skíðaskálanum, sem tekur mikinn tíma frá starfsmönnum.

Tekjur vegna aðgangseyris voru 18 milljónir á árinu sem var sjö milljónum yfir áætlun. Þrátt fyrir lítinn snjó og mikla viðhaldsþörf á svæðinu var hægt að halda því opnu og mikil aðsókn á svæðið. Skíðasvæðið var 20 milljónum undir áætlun sem skýrist af umfram tekjum upp á 10 milljónir og að ekki tókst að ráða í annað fasta starfið.

## Golfvellir

Enginn starfsmaður á vegum Ísafjarðarbæjar er á golfvelliinum og er hann að mestu rekinn af sjálfboðaliðum innan Golfklúbbs Ísafjarðar. Ísafjarðarbær er þó með verkefnasamning við golfklúbbinn um umsjá golfvallarins og fær í staðinn stöðugildi sem nemur fimm mánuðum í launaflokki 121. Samkvæmt stjórn

golfklúbbsins var aðsókn á golfvöllinn mikil síðastliðið sumar en bæði bæjarbúar og aðkomufólk nýttu hann vel.

## Aðrar deildir

### Opnir leikvellir

Þessi deild fór tæpa milljón fram úr fjárhagsáætlun en skýringin á því er að efniskostnaður hækkaði meira en áætlað var.

### Vinnuskólinn

48 nemendur voru skráðir í vinnuskólann árið 2024 og var þeim dreift í mismunandi verkefni sem þau sinntu allt sumarið. Þeir sem tóku við vinnuskólanemendum í ár voru siglingaklúbburinn Sæfari, knattspyrnudeild Vestra, Golfklúbbur Ísafjarðar, Vesturafli, HSV og leikskólarnir Sólborg, Eyrarskjól, Tangi, Grænigarður og Laufás ásamt einstaka fyrirtækjum í bænum. Jafnframt tóku yngstu nemendurnir þátt í Sjávarútvegsskólanum sem unninn er í samstarfi Háskólans á Akureyri og sjávarútvegsfyrirtækja á svæðinu.

Staðan á rekstri vinnuskólans var tveimur milljónum undir áætlun.

### Félagsmiðstöðvar

Félagsmiðstöðvar eru reknar á Ísafirði, Flateyri, Suðureyri og Þingeyri fyrir ungmenni í 8.–10. bekk grunnskóla. Þar starfa níu manns í tímavinnu. Átta starfsmenn hættu á árinu en 10 voru ráðnir nýir inn.

Félagsmiðstöðvarnar fóru eina milljón yfir áætlun þar sem yfirvinna varð meiri en áætlað var vegna veikinda starfsmanna.

# STJÓRNSÝSLU- OG FJÁRMÁLASVIÐ

## TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR

Íbúum Ísafjarðarbæjar fjölgaði um 197 manns árið 2024. Fjölgun var mest í Hnífsdal og á Ísafirði, og örlítill fjölgun á Flateyri og Suðureyri, en fækkun á Þingeyri. Fjöldi álagðra eigna og gjaldenda fasteignagjalda fækkaði örlítið.

	2023	2024	Breyting
Íbúafjöldi samkvæmt Hagstofu Íslands*	3.635	3.832	+5,42%
Fasteignagjöld: Fjöldi eigna	4.019	3.921	-2,4%
Fasteignagjöld: Gjaldendur	5.657	5.646	-0,02%

*Samanburður á íbúafjölda og fasteignagjöldum árin 2023 og 2024.*

\*Miðað við tölur 1. janúar í upphafi árs á eftir skráðu ári.

Launagreiðslur	2023	2024	Breyting
Meðaltalsfjöldi launagreiðslna á mánuði	562	582	+3,6%
Heildarfjöldi launagreiðslna	6.741	6.995	+3,8%
<b>Skjöl á stjórnsýslu- og fjármálasviði</b>			
Stofnuð mál	257	247	-3,9%
Fjöldi mála sem var lokað	205	115	-44%
Opin mál í lok árs	52	132	+154%
<b>Reikningar</b>			
Fjöldi útgefna reikninga	17.186	15.100	-12%
Bókaðir lánadrottareikningar	15.097	16.311	+8%
Hlutfall rafrænna reikninga á móti pappír	98%	98%	

*Samanburður á fjölda launagreiðslna, stofnaðra mála og útgefna reikninga 2023 og 2024.*

## VERKEFNI STJÓRNSÝSLU- OG FJÁRMÁLASVIÐS

### Starfsmannahald og vinnuaðstaða

Breytingar urðu á starfsmannahaldi á sviðinu en nýr skjalastjóri hóf störf haustið 2024, auk þess sem ráðið var í stöðu verkefnastjóra tæknilausna og innkaupa vorið 2024, en sú staða hefur tekið nokkrum breytingum síðustu misseri með breyttu landslagi í stafrænum málum. Þá fluttist hluti verkefna á umhverfis- og eignasvið, þau er sneru að útboði og verðfyrirspurnum vegna verkframkvæmda eignasviðs. Skýrari skil voru því gerð á milli sameiginlegra innkaupa og sértækra, auk þess sem meiri áhersla var lögð á stafræn málefni og innleiðingu og stýringu ýmissa upplýsingatæknilausna. Þá hætti deildarstjóri launadeildar síðsumars 2024 og voru verkefni deildarinnar í kjölfarið endurskipulögð og staða deildarstjóra lögð niður. Eru nú starfandi tveir starfsmenn í tveimur stöðugildum í deildinni, í stað 2,5 stöðugilda áður.

Fundarsalur bæjarstjórnar fékk yfirhalningu með nýjum tæknibúnaði, betri myndavél, hljóðnema og há-talara. Þá var sett upp nýtt fundarherbergi á sviðinu í upphafi árs 2024, með stórum skjá og átta manna fundarborði. Er aðstaðan mikið notuð af starfsmönnum allra sviða, svo sem vegna sameiginlegrar vinnu, námskeiða og funda. Við þessa breytingu flutti skjalastjóri úr umræddu skrifstofurými og er nú staðsettur í opnu rými í suðurenda sviðsins við hlið bæjarritara og upplýsingafulltrúa. Innheimtufulltrúi flutti þar af leiðandi líka búferlum og var sköpuð ný vinnustöð í afgreiðslu. Hefur það fækkað sporum innheimtufulltrúa sem sinnir mikið erindum viðskiptavina í afgreiðslu. Þá geta þjónustufulltrúi og innheimtufulltrúi jafnframt leyst hvor aðra af í afgreiðslu ef þörf er á.

## Helstu verkefni sviðsins

Fjöldi annarra verkefna og þjónusta er unnin á sviðinu, enda stoðsvið fyrir aðrar stofnanir og svið sveitarfélagsins. Málstefna Ísafjarðarbæjar var samþykkt í mars og að sumri hófst vinna við þjónustustefnu Ísafjarðarbæjar sem stefnt er að ljúki árið 2025.

Ýmsar nýjar reglur voru settar og aðrar uppfærðar, auk breytinga á ýmsum samþykktum sveitarfélagsins. Nýjar reglur voru settar í júní um netnotkun, meðferð tölvupósts, gagna, tölvu- og hugbúnaðar og reglur um birtingu gagna með fundargerðum í ráðum og nefndum Ísafjarðarbæjar. Uppfærsla var á reglum um úthlutun lóða fyrir íbúðar-, sumarhúsa- og atvinnuhúsnæði. Breytingar voru gerðar á samþykkt um öldungaráð, samþykkt um úrgangsmál og samþykkt um stjórn Ísafjarðarbæjar.

Þá varð breyting á gjaldskrá á miðju ári, meðal annars vegna kjarasamninga sem leiddi til þess að skólamatur var gerður gjaldfrjáls hjá sveitarfélögum. Var því ákveðið að matur í dægradvöl yrði jafnframt gerður gjaldfrjáls og leikskólagjöld lækkuð. Þá var sett upp ný gjaldskrá fyrir félagsheimilið á Flateyri, en Lýðskólinn hætti leigu þess snemma á árinu. Á árinu fékkst loksins þinglýst rétt eignarhald á húsinu sem unnið hafði verið að lengi og bæjarstjóra veitt heimild til að hefja sölumeðferð hússins.

Tvennar kosningar voru haldnar á árinu fyrir ríkið, forsetakosningar í júní og Alþingiskosningar í nóvember. Með þeim síðarnefndu varð breyting á framkvæmdastjóra sveitarfélagsins, en Arna Lára Jónsdóttir var kjörin þingmaður Norðvesturkjördæmis. Tók þá sviðsstóri við verkefnum bæjarstjóra um tíma þar til nýr bæjarstjóri var ráðinn í árslok.

Í júní fékk sveitarfélagið heimild fjármálaráðuneytisins til sölu á hjúkrunarheimilinu Eyri, og var unnið að því stóra verkefni út árið. Nokkur tilboð fengust í eignina fyrir árslok, sem vonandi leiðir til farsællar niðurstöðu á árinu 2025.

Unnið var að gerð ýmissa samninga og verkefna á sviðinu, auk innleiðinga á nýjum lausnum, með og fyrir önnur svið. Að hausti var gengið frá sölu tveggja fjölbýlishúsa á Þingeyri og á Suðureyri, til Brákar íbúðafélags, og samþykkt stofnframlög vegna þeirra samninga. Útbúinn var og samþykktur samningur um sérfræðiráðgjöf, vinnslu mála og stjórnun í almennri félagsþjónustu milli Ísafjarðarbæjar og Súðavíkurrepps, með hliðsjón af samningi um Velferðarþjónustu Vestfjarða. Þjónustusamningur við Blábankann var endurnýjaður, og aðstoðað með innleiðingu lausna fyrir skóla- og íþróttamál, svo sem vegna frístundastyrkja og Abler kerfisins, auk ýmissa vefsölulausna fyrir skóla- og tólmstundasvið, og umhverfis- og eignasvið.

Nýr upplýsingatæknistjóri nýtti fyrstu mánuði í starfi og samdi rekstrarhandbók fyrir tölvukerfi sveitarfélagsins og gerði leiðbeiningar um notkun þess, samdi öryggisstefnu og gæðastefnu og gerði verklagsreglur fyrir kerfið, auk þess að yfirfara búnaðarskráningu. Þá fékk hann það verkefni að yfirfara alla samninga á hans forræði með það í huga að lækka kostnað og einfalda þjónustu og ferla samstarf við tækniþingja sveitarfélagsins. Þá var unnið að nokkrum útboðum á sviðinu á árinu, en farið var í raforku-útboð í mars, og aftur í desember, vegna uppsagnar þingja á marssamningnum. Þá var unnið að gerð útboðs fyrir upplýsingatækniþjónustu sem boðin verður út snemma árs 2025.

## Skjalamál

Síðastliðin fjögur ár hefur staðið yfir áttak í skjalamálum þar sem starfsmenn hafa verið virkjaðir til betri vinnubragða, meðal annars með því að halda sérstakan skjaladag tvisvar á ári. Meginmarkmiðið er að loka sem allra flestum málum til að auðvelda yfirfærslu úr pappírsskilum yfir í rafræn skil á málakerfi stjórnsýslunnar. Í upphafi átaks árið 2021 hafði verið búið að loka 10 þúsund málum í kerfinu (fyrstu málin voru frá 2001) og síðan þá hefur um 11 þúsund málum verið lokað. Enn eru þó um 19% mála opin og mikilvægt að loka málum um leið og þau eru afgreidd.

Eftirfarandi sýnir stöðuna.\*

	2022	2023	2024
<b>Mál stofnuð á árinu</b>	1.575	1.870	1.744
<b>Málum frá árinu lokað</b>	1.150	1.241	750
<b>Mál frá árinu enn opin</b>	425	629	994

\*Eðlilegt er að því nýrri sem málin eru, því fleiri séu enn opin, og skýrir það fjölda opinna mála frá árinu 2024.

Sumarið 2024 varð lagabreyting um að varðveisla rafrænna gagna verði gerð að meginreglu og að hætta skyldi útprintun rafrænna gagna á pappír. Var í bréfinu þeim tilmælum beint til afhendingarskyldra aðila að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja varðveislu rafrænna gagna og styrkja tækniinnviði starfsemi sinnar til að mæta þessum nýju lagakröfum. Í desember 2024 var Héraðsskjalasafninu á Ísafirði því send tilkynning um rafrænt gagnasafn stjórnsýslu sveitarfélagsins. Samþykkt rafrænt vörslutímabil hefst því 10. mars 2025, og stendur það í fimm ár. Eftir 10. mars 2025 þarf ekki að prenta út og skila málum á pappír, myndist þau rafrænt.

## Ársreikningur 2023 og fjárhagsáætlun 2025

Endurskoðun fór fram með ágætum og var ársreikningur 2023 samþykktur í bæjarstjórn þann 16. maí 2024. Afkoma Ísafjarðarbæjar árið 2023 var jákvæð og skilaði afgangi sem nam 119 milljónum króna.

Stjórnsýsluskoðun kom vel út og var án alvarlegra athugasemda.

Þá var fjárhagsáætlun unnin haustið 2024, sem lauk með samþykki bæjarstjórnar 5. desember, auk framkvæmdaáætlunar, viðhaldsáætlunar og samþykkt rúmlega 20 gjaldskráa. Áætlunin gerði ráð fyrir 776 milljónum króna afgangi á A- og B-hluta og að rekstur A-hluta verði jákvæður um 223 milljónir króna.

## Íbúapjónusta

Vefsíða Ísafjarðarbæjar er í stöðugri þróun og var veftré vefsíðunnar endurskoðað á árinu, auk þess sem vefsíðan var einfölduð og gerð notendavænni og fallegri fyrir augað.

Unnið var að umsóknarkerfi fyrir hundaskráningar og sorptunnubreytingar, sem kemst vonandi í gagníð að fullu árið 2025, auk þess sem unnið var að innleiðingu nýs vefsölukerfis, sem hefur þó gengið heldur hægt vegna ýmissa tækniörðugleika, bæði í hug- og vélbúnaði.

Undir lok árs var unnið að tengingum kerfa sveitarfélagsins við stafrænt pósthólf á island.is, en stefnt var að opnun tenginga milli One málakerfis, Kjarna launakerfis og BC365 bókhaldskerfis í upphafi árs 2025. Með þessu eru lagaskilyrði uppfyllt um birtingu nauðsynlegra ganga, auk þess sem gengið verður lengra, svo sem með birtingu reikninga og launaseðla, með það að markmiði að minnka notkun pappírs og póstpjónustu og horfa þannig til umhverfissjónarmiða.

## Ferðalög, ráðstefnur og fræðsla

Mikilvægt er að huga að stöðugri endurmenntun starfsmanna og hefur því LearnCove kerfi Akademias komið að góðum notum fyrir starfsmenn. Þá sóttu hluti starfsmanna ýmis námskeið, svo sem um staf-ræna stjórnsýslu, afhendingu gagna, áföll og geðheilsu, persónuvernd, opinber innkaup og ChatGPT. Þá sóttu fjármálastjóri og sviðsstjóri fund stjórnenda á stjórnsýslu- og fjármálasviðum í maí, en hann var haldinn í Fjarðarbyggð þetta árið. Bæjarstjóri sótti fund framkvæmdastjóra sveitarfélaga og var hann haldinn á Egilsstöðum í Múlapingi að vori.

Í október fóru bæjastjóri, sviðsstjóri og fjármálastjóri, auk nokkurra bæjarfulltrúa á Fjármálaráðstefnu Sambands íslenskra sveitarfélaga í Reykjavík. Var dagskráin metnaðarfull og fræðandi. Fjórðungsping að vori fór fram á Ísafirði, og að hausti í Bjarnarfirði á Ströndum, sem bæjarstjóri og sviðsstjóri fóru á, auk bæjarfulltrúa. Bæjarstjóri og sviðsstjóri funduðu mánaðarlega með formanni hvers hverfisráðs fyrir sig fyrri hluta árs, auk þess að vera staka vinnudaga í öðrum kjörnum til skrafs og funda með íbúum. Hlé var á mánaðarlegum fundum haustið 2024 og fundað óreglulega, og þá með öllum formönnum saman.

## MENNINGARMÁL OG ATVINNUMÁL

### Safnahúsið

Í Safnahúsinu á Eyrartúni er Bókasafn Ísafjarðar og Héraðsskjalasafnið á Ísafirði, Ljósmyndasafn Ísa-fjarðar og Listasafn Ísafjarðar, undir forystu tveggja forstöðumanna.

Á árinu 2024 var haldið áfram að endurnýja kjallara Safnahússins, en endurbótum mun ljúka árið 2025 fyrir 100 ára afmæli hússins þann 17. júní, svo sem að setja upp loftræstingu, nýjar innréttingar, endurnýja salerni og leggja nýtt gólfefni. Gögn bókasafns voru færð aftur í kjallarann úr geymslu í október 2024. Hafist var handa við að endurnýja glugga og gler hússins sem lýkur jafnframt 2025, auk þess sem húsið var málað að utan sumarið 2024. Utanhúss lýsing var stórbætt, og sett upp ljós með ýmsum litamöguleikum, svo sem fyrir bleikan október og fleiri skemmtileg tilefni. Þá var ungmennarámið á 1. hæð endurgert og lestraraðstaða 2. hæðar bætt. Bætt var við lýsingu í sýningarsal Listasafnsins og sett

upp myndavélakerfi, UV-gardínur fyrir glugga til verndar verkum og stór sýningarveggur byggður í mitt rýmið til að auka veggpláss.

## Bókasafnið Ísafirði

Á Bókasafninu á Ísafirði störfuðu fimm starfsmenn í 2,55 stöðugildum, undir stjórn Eddu Bjargar Kristmundsdóttur. Safnkosturinn er um 60 þúsund gögn, en útlán á árinu 2024 voru rúmlega 11.000, þar af var Rafbókasafnið með rúmlega 1.000 útlán. Unnið var að nýrri og glæsilegri heimasíðu sem var formlega opnuð í janúar 2025: <https://www.safnis.is/>.

Fjöldi skipulagðra heimsókna leikskóla- og grunnskólubarna var á safnið, auk ýmissa viðburða og uppátækna allan ársins hring, svo sem Bókaklúbbur bókasafnsins, ritlistarhópurinn Write it out, íslensku-spjallhópurinn Þriðja rýmið, foreldramorgnar, bókaspjall og rithöfundaheimsóknir, dagskrá á Vetur-nóttum og í skólafríum, auk sumarlesturs barna. Þá var húsið nýtt fyrir ýmsa utanaðkomandi viðburði og námskeið.

Bókasafnið gefur út sérstaka ársskýrslu um starfsemi sína fyrir árið 2024, sem er aðgengileg á vef Safnahússins og á vef Ísafjarðarbæjar.

## Héraðsskjalasafnið og Ljósmyndasafnið Ísafirði

Starfsmenn Héraðsskjalasafnsins skipta með sér verkefnum Ljósmyndasafnsins. Á söfnunum störfuðu sjö starfsmenn (fimm frá október), í 4,3 stöðugildum, undir stjórn Guðfinnu Hreiðarsdóttur. Þá voru tvö ungmenni á vegum vinnuskóla Ísafjarðarbæjar í vinnuþjálfun yfir sumartímann. Þjónusta safnanna er helst í gegnum tölvupóst, síma og samfélagmiðla. Árið 2024 voru 195 skráðar fyrirspurnir til skjalasafnsins, auk tilfallandi minni fyrirspurna. Afgreiðslur á lessal voru 25 og ein beiðni um millisafnalán. Skráðar fyrirspurnir til Ljósmyndasafnsins voru 120 auk tilfallandi minni fyrirspurna og afgreiðslu mynda vegna útgáfu bóka, blaða og kvikmynda. Skjalasafninu barst 28 afhendingar á árinu 2024 og Ljósmyndasafninu bárust 13, en afhendingar geta verið allt frá einu blaði upp í marga hillumetra eða kassa. Ýmsir fyrirlestrar og erindi eru haldin árlega en Héraðsskjalasafnið stóð fyrir fjórum og Ljósmyndasafnið sex, auk þess sem farið var á átta ráðstefnur/fundi utan héraðs.

Skjöl eru aðgengileg á lestrarsal safnsins og í gegnum millisafnalán, auk þess sem vísað er á stafræn gögn á vef Þjóðskjalasafns Íslands og annarra skjalasafna. Skráð og frágengin skjöl eru um 170 hillumetrar, frágengin skjöl með afhendingaskrá eru um 390 hillumetrar og ófrágengin skjöl um 300 hillumetrar. Skjöl sem biða afhendingar eru áætluð nálægt 100 hillumetrum.

Skjalasafnið vann að ýmsum miðunarverkefnum á árinu 2024, svo sem fyrir Þjóðskjalasafn um miðlun gerðabóka sveitarfélaga, virðingabóka og sveitablaða, meðal annars fyrir Ísafjarðarkaupstað og N-Ísafjarðarsýslu. Jafnframt skönnun og miðlun með kvenfélaginu Ársól á Suðureyri á Sóley, handskrifuðu blaði sem var varðveitt í sex bókum. Þá hefur skráning sóknarmanna staðið yfir frá 2011, en elsta talið er frá 1744, verkefni unnið fyrir Þjóðskjalasafn.

Söfnin gefa út sérstaka ársskýrslu um starfsemi sína fyrir árið 2024, sem er aðgengileg á aðgengileg á vef Safnahússins og á vef Ísafjarðarbæjar.

## Listasafn Ísafjarðar

Á árinu 2024 var starfandi einn starfsmaður í 50% hlutfalli við Listasafn Ísafjarðar, í stöðu sérfræðings, en starfsemin heyrir undir Guðfinnu M. Hreiðarsdóttur, forstöðumann.

Listasafn Ísafjarðar byggir á skipulagsskrá frá 1963, staðfestri af forseta Íslands, um Minningarsjóð Jóns Þorkels Ólafssonar og Rögnvalds Ólafssonar. Það fyrirkomulag er löngu úrelt enda áratugir frá því að sjóður safnsins tæmdist og stjórn safnsins hefur sjálfkrafa færst frá formlegri stjórn bæjarfógeta, sóknarpresti, bæjarstjóra og skyldmennis stofnenda yfir til sviðstjóra menningarmála innan sveitarfélagsins og bæjarstjórnar sem hefur endanlegt ákvörðunarvald hvað varðar fjárhagsleg málefni safnsins. Árið 2024 óskaði formleg stjórn Listasafnsins eftir niðurlagningu sjóðsins sem samþykkt var af Sýslumanninum á Norðurlandi vestra sem fer með málin, þar sem safnið hafði verið alfarið rekið af sveitarfélaginu síðustu ár. Með því færðust allar eignir sjóðsins til sveitarfélagsins, listaverk og óverulegt fjármagn. Safnið skal halda áfram að starfa í samræmi við stofnskrá í þágu almennings, og menningarleg markmið sjóðsins skulu áfram vera hluti af stefnu safnsins.

Á árinu 2024 voru átta sýningar á vegum safnsins og áætlaður gestafjöldi um 3.600, fjórar sýningar voru í sýningarsal Listasafnsins í Safnahúsi, og fimm sýningar voru á göngum Safnahússins. Fræðslu- og safnastarf er sífellt að aukast hjá safninu og árið 2024 var tekið sex sinnum á móti nemendum Lista- og nýsköpunardeildar Menntaskólans á Ísafirði, auk móttöku forseta ASÍ. Alls þrjú námskeið voru haldin á vegum safnsins með Listasafni Íslands og 16 sumarleiðsagnir með ferðamenn voru um sögu hússins og yfirstandandi sýningu safnsins. Haldinn var fyrirlestur í Vísindaporti og farið í að minnsta kosti þrjár fræðsluferðir, auk fjögurra samtarfsverkefna. Hafist hefur verið handa við ýmsar stefnur, svo sem grisjunarstefnu og sýningarstefnu, auk þess að útbúa söluvarning Listasafnsins.

Árið 2024 var haldið áfram með að staðsetja, ástandsskoða og skrá safnkost Listasafns Ísafjarðar, en safnið býr yfir ágætum safnkosti um 200 verka og þrýðir hluti þeirra húsakynni opinberra stofnana í bænum, en annað er í geymslu. Hafin var vinna við að útbúa og/eða endurnýja lánasamninga um verkin. Þá var safninu gefin sex ný verk á árinu.

Listasafnið gefur út sérstaka ársskýrslu um starfsemi sína fyrir árið 2024, sem er aðgengileg á aðgengileg á vef Safnahússins og á vef Ísafjarðarbæjar.

## Önnur menningar- og atvinnumál

Endurnýjaður var til eins sumars samningur Koltru um rekstur upplýsingamiðstöðvar á Þingeyri. Gerður var styrktarsamningur við Hollvinasamtök Ágústu á Suðureyri, um endurnýjun á skipinu sem á sumarroló. Veittir voru styrkir til félagasamtaka að fjárhæð um 1.115.200 kr. vegna fasteignagjalda 13 félagasamtaka. Alls 14 styrkir að fjárhæð kr. 3.000.000 voru veittir úr Menningarsjóði Ísafjarðarbæjar, fyrir fjölbreytt verkefni, svo sem leiksýningar, tónleika, skapandi vinnustofa, kvikmyndagerð, kvikmyndasýninga, og listasýninga. Þá var veittur styrkur til Aldrei fór ég suður, sem haldið var með pompi og prakt í Skíðavíkunni um páska, þjóðhátíðardagurinn var haldinn hátíðlegur 17. júní og í október voru Veturnætur haldnar, þar sem bæjarlistarmaður var útnefndur. Að lokum voru ljós á jólatrjám tendruð í fjórðunum fjórum um mánaðamótin nóvember/desember.



# UMHVERFIS- OG EIGNASVIÐ

## SKRIFSTOFA UMHVERFIS- OG EIGNASVIÐS

Á skrifstofu Umhverfis- og eignasviðs eru fimm stöðugildi. Opnunartími skrifstofunnar er alla virka daga frá kl. 10:00–12:00 og 12:30–15:00.

Verkefni sviðsins hafa tekið miklum breytingum á undanförunum árum og umsvif aukist jafnt og þétt. Meðalfjöldi mála fór úr 15,4 á mánuði árið 2020 í 25 mál árið 2024, sem samsvarar 299 málum í mála-kerfinu á árinu 2024.

Á árinu bárust starfsmönnum sviðsins alls 25,373 tölvupóstar á netföng þeirra, og sendu samtals 8.463 tölvupósta. Þessi tölvupóstamskipti ná til fjölbreyttra þátta innan sviðsins, þar á meðal fagráðgjafar, samráðs og upplýsingagjafar. Uppgefinn fjöldi tölvupósta nær eingöngu til einstakra starfsmanna sviðsins en ekki til verkefnatengdra pósthólfa, [fastis@isafjordur.is](mailto:fastis@isafjordur.is), [skipulag@isafjordur.is](mailto:skipulag@isafjordur.is), [bygg@isafjordur.is](mailto:bygg@isafjordur.is), [sorphirda@isafjordur.is](mailto:sorphirda@isafjordur.is), sem taka einnig við fjölda erinda. Öll tölvusamskipti sem falla undir skjalaskyldu samkvæmt skjalareglum eru sett í málaskrá sveitarfélagsins. Ljóst er þó að tölvupóstamskipti, sem ekki teljast skjalaskyld, eru sífellt að aukast og veita mikilvæga vísbendingu um það umfang og þá fjölbreytni verkefna sem umhverfis- og eignasvið sinnir daglega. Að auki er fjöldi annarra verkefna afgreiddur í gegnum símtöl sem og í beinum samskiptum í móttöku skrifstofunnar.

Umhverfis- og eignasvið gegnir hlutverki stoðdeildar innan stjórnsýslu Ísafjarðarbæjar og sinnir reglulegum samskiptum og aðstoð við aðrar deildir og stofnanir sveitarfélagsins. Aukin umsvif og framkvæmdir hafnarinnar 2024 hafa aukið verkefni sviðsins og kallað á meiri stuðning við hafnaryfirvöld.

Til að bæta yfirsýn yfir vinnuþagn og þjónustubeiðni var hafin innleiðing á verkbeidnakerfi fyrir Fast-eignir Ísafjarðar. Stefnt er á að klára innleiðingu á árinu 2025 og mun kerfið að endanum ná til þjónustu á vegum Eignasjóðs Ísafjarðarbæjar. Með þessu verður unnt að skrá, greina og miðla upplýsingum um verkefni sviðsins með markvissari hætti, sem styður við faglega ákvarðanatöku og áætlanagerð.

## SKIPULAGSMÁL

Skipulags- og mannvirkjanefnd fundar að jafnaði tvisvar í mánuði, á fimmtudögum í annarri og fjórðu viku hvers mánaðar. Skipulagsfulltrúi á umhverfis- og eignasviði er starfsmaður skipulags- og mannvirkjanefndar, en auk þess starfar með nefndinni sviðsstjóri umhverfis og eignasviðs, byggingarfulltrúi og verkefnastjórar. Nefndin fer með bygginga- og skipulagsmál samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 og lögum um mannvirki nr. 160/2010, nefndin gerir tillögu til bæjarstjórnar um afgreiðslu einstakra mála sem það fær til meðferðar.

Á fundum nefndarinnar eru tekin fyrir mál er varða skipulagsbreytingar á aðal og deiliskipulagsstigi. Fyrirspurnir varðandi skipulags- og byggingarmál, umsagnir af ýmsu tagi. Útgáfa framkvæmdaleyfa, lóðastofnanir þar sem skipulag liggur ekki fyrir, ásamt málum sem byggingarfulltrúi hefur vísað til nefndarinnar. Þá eru afgreiðslufundir byggingarfulltrúa jafnframt lagðir fram til kynningar í nefndinni.

Á árinu voru 2024 voru haldnir 20 fundir þar sem 296 mál voru afgreidd.

Rétt er að taka fram að þetta eru ekki allt einstök mál heldur er fjöldi afgreiðslna á fundum nefndarinnar talinn saman, og getur sama málið verið talið nokkrum sinnum þar sem sum mál koma til afgreiðslu nefndarinnar á mismunandi stigum málsmeðferðar.

## Auglýsingar skipulagsáætlana

Sex erindi voru grenndarkynnt á árinu vegna óverulegra breytinga í skipulagi.

Helstu skipulagsbreytingar í vinnslu voru miðbæjarskipulag á Ísafirði, skipulagsbreytingar á Suðurtanga, skipulagsbreytingar vegna jarðhitaleitar í Seljalandshverfi, stækkun kirkjugarðs í Réttarholti í Engidal, stækkun íbúðarbyggðar Tunguhverfis, ný frístundahúsabyggð í Dagverðardal, allt í Skutulsfirði, ásamt skipulagsbreytingum í Mjólká og Mjólkárviðjunar í Arnarfirði.

Á árinu voru fjórar birtingar í B-deild Stjórnartíðinda um gildistöku breytinga og/eða nýrra skipulagslagna. Að auki birti Skipulagsstofnun tvær auglýsingar vegna breytinga á aðalskipulagi.

## BYGGINGAMÁL

Byggingarfulltrúi annast alla umsjón með afgreiðslu og veitingu byggingarleyfa, byggingarheimildar og stöðuleyfa.

- Yfirferð aðaluppdráttar og sérteikninga auk annarra gagna er tengjast leyfisumsóknum.
- Eftirlit með skráningu byggingarstjóra og iðnmeistara á verkum og í mannvirkjagátt HMS.
- Úttektir er snúa að mannvirkjum. Öryggis- og lokaúttektir, fohheldisúttektir og stöðuskoðanir.
- Skráningar mannvirkja til HMS með innlestri á skráningartöflum.
- Gefur út vottorð til byggingaraðila og eigenda mannvirkja.
- Veitir skriflegar umsagnir um rekstrar – og starfleyfi.
- Sinnir auk þess öðrum verkefnum er heyra undir byggingarreglugerð og mannvirkjalög.
- Samskipti við alla þá er þarfnast hans þjónustu í gegnum daglega símatíma og tölvupóst-samskipti. Útsend tölvupóst-samskipti fyrir árið 2024 eru rúmlega 5000.
- Eftirlit með óleyfisframkvæmdum í nánu sambandi við Slökkvilið Ísafjarðarbæjar.
- Aðstoðar heilbrigðiseftirlitið í málum er varða reglugerðir um hollustuhætti og mengunarvarnir.
- Er í nánu sambandi við lögfræðipjónustu er kemur að yfirferðum á eignaskiptasamningum.
- Stofnar reikninga byggingar- og gatnagerðargjalda í gegnum NAV.
- Situr sem fulltrúi Vestfjarða í stjórn Brákar. Þar eru haldnir stjórnarfundir alla jafna mánaðarlega auk fulltrúaráðsfunda og aðalfunda.
- Útgáfa byggingarheimilda- og leyfa.

Byggingarfulltrúi afgreiðir umsóknir um byggingarheimildir- og leyfi í samræmi við ákvæði mannvirkjalaga nr. 160/2010 og byggingarreglugerð nr. 112/2012. Ferli útgáfu byggingarheimildar- og leyfa er tvískipt.

Annars vegar er farið yfir aðaluppdrætti og fylgigögn samkvæmt skoðunarhandbók HMS, sem hefur samræmt ferli á landsvísu. Byggingarfulltrúi kannar jafnframt hvort fyrirhuguð framkvæmd samræmist

skipulagi sem gildir um það svæði þar sem fyrirhugað mannvirki á að rísa. Ef svo er er umsækjandi upplýstur um að byggingaráform séu samþykkt eftir yfirferð og að skipulagsskilmálar séu uppfylltir.

Síðari hluti afgreiðslunnar eftir samþykkt byggingaráforma það er að segja útgáfa byggingarheimildar og leyfa, sem á sér stað þegar öllum skilyrðum byggingarleyfis hefur verið uppfyllt samkvæmt byggingarreglugerð, gr. 2.3.8 og 2.4.4.

Afgreiðslufundir byggingarfulltrúa hafa alla jafn verið mánaðarlega. Þessa fundi sitja alla jafna byggingarfulltrúi ásamt áheyrnarfulltrúa frá eldvarnareftirliti Ísafjarðarbæjar. Árið 2024 var reynt að afgreiða mál jafnt og þétt yfir árið og þeim svo safnað saman í formlega afgreiðslufundi. Á árinu 2024 voru níu afgreiðslufundir, 71 afgreiðslur mála.

Umsóknir um stöðuleyfi voru einungis 10 árið 2024 og hefur byggingarfulltrúi kallað eftir auknu eftirliti þegar kemur að gámum án stöðuleyfa þar sem mikið er í húfi fyrir sveitarfélagið.

Umsagnir tengdar rekstrar- og starfsleyfum eru í kringum 10 talsins.

## UMHVERFISMÁL

Í umhverfis- og framkvæmdanefnd voru haldnir 12 fundir og fjöldi mála sem voru afgreidd voru 49.

### Fráveita

Fráveitumál voru áberandi í starfsemi sviðsins á árinu . Framkvæmdir við uppsetningu hreinsistöðvar á Flateyri og Þingeyri voru að mestu leyti kláraðar árið 2024, auk þess sem unnið var að umsókn um styrk fyrir heildarlausn í fráveitumálum á Ísafirði.

Á árinu 2024 hlaut Ísafjarðarbær 327 milljóna króna styrk til sex ára úr LIFE-áætlun Evrópusambandsins vegna verkefnisins ICEWATER, sem er samstarfsverkefni á vegum Umhverfisstofnunar og miðar að undirbúningi fráveituframkvæmda í Pollinum á Ísafirði. Starfsmenn Umhverfis- og eignasviðs komu að gerð styrkumsóknarinnar og tóku virkan þátt í fundum með samstarfsaðilum og fulltrúum Evrópusambandsins.

### Loftslagsbókhald

Á árinu hófst innleiðing á loftslagsbókhaldi Ísafjarðarbæjar með tilkomu Klappir Climate kerfisins. Verkefnið er unnið í samstarfi við Vestfjarðastofu og felur í sér söfnun gagna um losun gróðurhúsalofttegunda vegna starfsemi sveitarfélagsins. Skráð eru meðal annars gögn um eldsneytisnotkun, rafmagn, hita og önnur áhrif sem tengjast rekstri fasteigna og samgöngum. Markmiðið með loftslagsbókhaldinu er að veita heildaryfirsýn yfir kolefnisspor sveitarfélagsins, sem styður við stefnumótun í loftslagsmálum og skapa grunn að markvissum aðgerðum til samdráttar í losun.

## FASTEIGNIR ÍSAFJARÐARBÆJAR

Starfsfólk umhverfis- og eignasviðs sinnir rekstri og umsjón Fasteigna Ísafjarðarbæjar, þar á meðal á félagslegu leiguhúsnæði og þjónustuíbúðum Ísafjarðarbæjar. Dagleg umsjón felst í rekstri leiguíbúða á

vegum sveitarfélagsins, svo sem umsýslu leigusamninga, viðhald, ástandsskoðanir og móttöku nýrra leigjenda í samvinnu við félagsþjónustu og forstöðumenn.

Á árinu 2024 var hafin innleiðing á nýju leigukerfi sem heldur utan um leigusamninga, greiðslufirlit, samskipti við leigjendur og skráningu viðhaldsverkefna. Kerfið eykur yfirsýn yfir eignasafn sveitarfélagsins og stuðlar að skilvirkari fasteignumsjón. Áætlað er að halda áfram innleiðingu kerfisins á árinu 2025.

Eignir í ársbyrjun 2024 voru 76 og í lok árs 66.

## VIÐHALD OG FRAMKVÆMDIR

### VIÐHALD

Almennt hefur verið uppsöfnuð viðhaldspörf hjá sveitarfélaginu og einkennandi að það eru margir fermetrar um það fjármagn sem er áætlað í málaflokkinn.

Stærstu viðhaldsverkefnin voru meðal annars gluggaskipti í Grunnskólanum á Ísafirði og endurnýjun á dúk í kafi sundlaugarinnar á Þingeyri. Þá var Safnahúsið á Ísafirði málað utanhúss og sömuleiðis Grunnskólinn á Flateyri og Félagsheimilið í Hnífsdal.

Viðhald eignasjóðs var í heild sinni að upphæð 138.075.103 kr. og skiptist svo niður á deildir:

Viðhald eignasjóðs 2024		
31120	Skólahúsnæði Ísafirði	41.142.597
31160	Skólahúsnæði Flateyri	6.667.793
31180	Skólahúsnæði Þingeyri	4.813.430
31190	Skólahúsnæði Suðureyri	2.457.414
31220	Ípróttamannvirki Ísafirði	7.827.237
31260	Ípróttamannvirki Flateyri	2.148.700
31280	Ípróttamannvirki Þingeyri	22.276.991
31290	Ípróttamannvirki Suðureyri	793.780
31320	Þjónustubyggingar Ísafirði	43.615.086
31360	Þjónustubyggingar Flateyri	22.798
31380	Þjónustubyggingar Þingeyri	836.382
31410	Opnir leikvellir	1.945.516
31490	Jarðeignir aðrar	2.601.272
31520	Íbúðarhúsnæði Ísafirði	676721
31620	Aðrar húseignir Ísafirði	32.957
31690	Ýmsar fasteignir, aðrar	185.429
31720	Áhöld og tæki	36.000
	<b>Samtals:</b>	<b>138.075.103</b>

## FRAMKVÆMDIR

Árið 2024 var viðburðarríkt í framkvæmdum hjá sveitarfélaginu. Helstu verkefni ársins sneru að ofanflóðavörnum á Flateyri, uppbyggingu íþróttamannvirkja á Ísafirði og malbikun gatna. Einnig fóru fram umfangsmiklar framkvæmdir við mannvirki, þar á meðal var ein stærsta framkvæmd ársins niðurgrafinn kjallari Safnahússins á Ísafirði. Þá var fjárfest í endurbótum og uppbyggingu á fráveitukerfum á Þingeyri og Flateyri.

Yfirlit fjárfestinga má finna í kaflanum [Fjárfestingar](#).

## STYRKUMSÓKNIR

Styrkumsóknir eru fastur hluti í starfsemi sviðsins.

Sótt var um sex styrki til Fiskeldissjóðs og fengust tvær umsóknir samþykktar, annars vegar 51 milljón kr. styrkur vegna fráveitu á Þingeyri og hins vegar 27 milljón kr. styrkur vegna verkmenntahúss á Ísafirði.

Sótt var um styrk í framkvæmdasjóð ferðamannastaða á haustdögum 2024 en ekki er búið að kunngjöra um úthlutun sjóðsins.

# SLÖKKVILIÐ Í SAFJARÐARBÆJAR

## STÖRF SLÖKKVILIÐS ÁRIÐ 2024

### Almennt

Fjórir starfsmenn eru í fullu stafi hjá slökkviliði Ísafjarðarbæjar. Þeir sinna öllum störfum sem koma inn á borð slökkviliðs, svo sem sjúkraflutningum, eldvarnareftirliti og slökkvitækjapjónustu. Einnig að skipuleggja æfingar og endurmenntun fyrir aðra slökkviliðs- og sjúkraflutningamenn.

Í slökkviliði eru starfandi 55 slökkviliðsmenn; 25 á Ísafirði, og tíu á hverri útstöð slökkviliðsins á Suðureyri, Flateyri og Þingeyri. Einnig eru sex slökkviliðsmenn í Súðavík og 25 í Bolungarvík, sem eru í umsjá Slökkviliðs Ísafjarðarbæjar samkvæmt þjónustusamningi.

Starfsstöðvar sjúkraflutninga eru tvær; á Ísafirði og Þingeyri. Þrjár sjúkrabílar eru á Ísafirði og einn á Þingeyri.

Æfingar slökkviliðs fara fram einu sinni í mánuði og íþróttaæfingar fara fram tvisvar í viku undir stjórn þjálfara. Á útstöðvum eru æfingar undir stjórn þjálfunarstjóra einu sinni í mánuði yfir veturinn.

### Sjúkraflutningar

Slökkvilið er með samning um sjúkraflutninga við Heilbrigðisstofnun Vestfjarða og er sjúkraflutninga-svæði frá botni Ísafjarðar að fossinum Dynjanda í botni Arnarfjarðar. Sjúkrabílastöðvar eru tvær, á Ísafirði, þar sem eru þrjár sjúkrabílar, og á Þingeyri þar sem er einn sjúkrabíll. Alltaf eru tveir menn á bakvakt vegna sjúkraflutninga.

506 flutningar voru á árinu.

- F-1 útkall í hæsta forgangi: 78
- F-2 útkall á forgangi: 92
- F-3/F-4 almennir sjúkraflutningar: 336

### Heilsueftirlit

Undir stjórn hjartasérfræðings eru allir slökkviliðsmenn teknir í blóðprufu, læknisskoðun og hjartalínurit. Að auki er gripstyrkur mældur og rúmmáls-lungnamælingar. Heilsuefling er að aukast og læknisskoðun að verða viðameiri hjá öllum starfsmönnum.

Reykkafarar skulu standast þrekpróf sem tekið er af þjálfara slökkviliðs og fá þá greitt þrekálag mánaðarlega.

Fjórða Covid-19 bólusetningin auk hinnar árlegu flensubólusetningar var í boði fyrir slökkviliðsmenn.

### Eldvarnareftirlit

Árlega er gefin út skoðunaráætlun og eru fyrirtæki heimsótt og skoðuð. Sum á hverju ári en önnur á fjögurra ára fresti, eftir því hvaða starfsemi er rekin í fasteigninni og hversu margir starfsmenn og/eða gestir geta verið í rýminu í einu.

Umsóknir sem berast frá sýslumanni skipta tugum á ári. Góð samvinna er á milli slökkviliðsins og byggingarfulltrúa Ísafjarðarbæjar, byggingarfulltrúa Bolungarvíkurkaupstaðar, slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins og Eflu verkfræðistofu vegna þessa.

Farið var í eldvarnarskoðun í inndjúp, skoðaðar voru kirkjur, hótél og gististaðir.

Ný lög voru samþykkt sem veita slökkviliðum auknar heimildir til skoðunar, bæði í atvinnuhúsnæði, óleyfisíbúðum og heimilum, en fyrir skoðun á heimili þurfa að liggja ríkar ástæður.

## Slökkvitækjapjónusta

Seld og yfirfarin slökkvitæki eru stór þáttur í starfsemi Slökkviliðs Ísafjarðarbæjar, bæði fyrir heimili, skip og bíla. Starfsleyfi var endurnýjað á árinu og gildir það í fimm ár.

## Bíla- og húsnæðismál

Viðhald á bílum er stór kostnaður á hverju ári. Allir bílar slökkviliðsins eru að eldast og brýnt er að ráðast í innkaup á nýjum eða notuðum 10-12 tonna vatnstankbíl. Þetta verður bíll númer eitt í gróðureldum sem eru alltaf að verða stærrí ógn. Kaupin eru komin inn á framkvæmdaáætlun.

Staðsetning á nýrri slökkvistöð hefur verið ákveðin og verður hún á Suðurtanga. Búið er að setja inn í framkvæmdaráætlun bæjarins fjármagn til að ráðast í hönnun og teikningar. Mjög mikil þörf er á nýrri slökkvistöð þar sem núverandi stöð uppfyllir á engan hátt nútíma kröfur og nú einnig vegna myglu. Skrifstofur slökkviliðs fluttu í leiguhúsnæði hjá Regus, í gamla Landsbankanum.

## HAFNASJÓÐUR

Hjá höfnum Ísafjarðarbæjar starfa 12 starfsmenn í 10,5 stöðugildum undir stjórn Hilmars K. Lyngmo, hafnarstjóra. Þar af eru þrír starfsmenn á Suðureyri, Flateyri og Þingeyri. Vaktarsími er til staðar á öllum stöðunum.

### HAFNIR ÍSAFJARÐARBÆJAR

Töluvert er af bátum sem þjónusta ferðamenn meðal annars hvalaskoðun og fleira. Einnig eru mörg fyrirtæki sem bjóða upp á afþreyingu fyrir farþega skemmtiferðaskipa og nýta aðstöðu á höfninni.

Á árinu 2024 var útbúið nýtt rútubílastæði sem verður tekið í notkun fyrir tímabilið 2025.

### Skemmtiferðaskip

Árið 2024 voru 186 skemmtiferðaskipakomur hjá höfnum Ísafjarðarbæjar, með 234.739 farþega. Tekjur hafnasjóðs af þeim voru um 751 milljónir.

### Landanir

Lítilsháttar aukning var á lönduðum sjávarafli milli ára. Landaður sjávarafli var samtals 21.344 tonn hjá höfnum Ísafjarðarbæjar árið 2024 sem skiptist svo:

Höfn	Landaður sjávarafli 2023	Landaður sjávarafli 2024
Flateyri	664 tonn	310 tonn
Ísafjörður	10.360 tonn	14.464 tonn
Suðureyri	4.109 tonn	4.219 tonn
Þingeyri	2.010 tonn	2.551 tonn

Þá var 160 tonnum af eldisfiski landað í Ísafjarðarhöfn og 4.000 tonn af rækju flutt inn að auki.

### Vöruflutningar

Töluverð aukning var á vöruflutningum um hafnir Ísafjarðarbæjar, samtals 47.448 tonn sem skiptast svo:

	2023	2024
Innflutningur	6.472 tonn	21.013 tonn
Útflutningur	10.031 tonn	13.943 tonn
Strandflutningur	2.142 tonn	12.492 tonn



# FJÁRFESTINGAR

## Fjárfestingar árið 2024

Yfirlit fjárfestinga Ísafjarðarbæjar 1. janúar–31. desember 2024 í þúsundum króna.

Verkefni	Framkvæmd, bókað á tímabilinu	Upphafleg fjárhags- áætlun verks	Viðaukar: Fjárheimild, breyting á tímabilinu	Viðaukar: Fjárheimild, staða í lok tímabils	Mismunur á bókun og áætlun
<b>A-hluti</b>					
32 Eignasjóður:					
01 Ofanflóðavarnir	66.942	30.000	21.500	51.500	-15.442
02 Húsn. og lóðir	46.140	49.000	-10.000	39.000	-7.140
03 Leikskólar	10.085	27.000	-9.000	18.000	7.915
04 Íþróttamannvirki	209.121	120.000	70.300	190.300	-18.821
06 Gatnagerð	22.105	67.000	4.250	71.250	49.145
06 Gatnagerðagjöld	-2.058	-30.000	0	-30.000	-27.942
07 Tækjakaup	29.208	12.000	33.500	45.500	16.292
08 Opin svæði	20.737	33.000	-350	32.650	11.913
99 Ófyrirséð	0	20.000	-20.000	0	0
<b>32 Samtals eignasjóður</b>	<b>402.280</b>	<b>328.000</b>	<b>90.200</b>	<b>418.200</b>	<b>15.920</b>
34 Þjónustumiðstöð	2.571	22.000	-12.000	10.000	7.429
<b>Samtals A-hluti</b>	<b>404.851</b>	<b>350.000</b>	<b>78.200</b>	<b>428.200</b>	<b>23.349</b>
<b>B-hluti</b>					
42 Hafnarmannvirki	497.532	340.000	71.355	411.355	-86.177
44 Vatnsveita	0	65.000	-40.500	24.500	24.500
52 Eyri	-2.914	0	0	0	2.914
54 Þjónustuíbúðir	5.791	10.000	0	10.000	4.209
58 Fastís	-230.078	-101.759	0	-101.759	128.319
62 Fráveita	22.919	115.000	-45.955	69.045	46.126
64 Funi	0	15.000	0	15.000	15.000
<b>Samtals B-hluti</b>	<b>293.249</b>	<b>443.241</b>	<b>-15.100</b>	<b>428.141</b>	<b>134.892</b>
<b>Samanlagt A og B</b>	<b>698.100</b>	<b>793.241</b>	<b>63.100</b>	<b>856.341</b>	<b>158.241</b>

